

stöku tilfelli, er fyrir hafi komið, því að eptir því sem í bréfinu stendur, virðist einmitt hafa átt að ákveða með því, hversu mikla fæðispeninga landlæknirinn megi reikna sèr yfir höfuð að tala á vísitáíuferðum sínum, þá getið þèr ekki annað en sannað, að það sè satt, sem vikið er á í bænarskránni, að minni fæðispeningar mundu ekki hrökkva til fyrir mann í hans stöðu til gjalda þeirra, sem koma fyrir á ferð á Íslandi, og hafið þèr því lagt til með, að útborgun þessi megi standa óhöggvæð í þetta sinn.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörði það, að dómsmálastjórnin eptir atvikum fellst á uppástungu yðar í þessu efni.

1866.
6. ágúst.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um launaviðbót eptir kornverði handa bæjarfógetanum á Akureyri.

6. ágúst.

Þar sem Stephán Thórarénsen, bæjarfógeti á Akureyri, hefir spurt um í skjali, er hingað hefir borizt beina leið, hvort stjórnarráðið álíti ekki, að hann eigi rétt á að fá launaviðbót eptir kornverði af þeim 200 rd. á ári, er hann fær úr ríkissjóðnum sem bæjarfógeti, og ef því verður neitað, þá af hverjum ástæðum, eruð þèr beðnir, herra amtmaður, að leiða athygli hans að því, sem stendur í 3. gr. nr. 1 í lögum 19. febrúarmán. 1861, um laun handa embættismönnum og sýslunarmönnum, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að undanteknum þeim, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum, þar sem svo segir, að ákvarðanirnar í lögum þessum um launaviðbót eptir kornverði eigi ekki við um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem að mestu leyti hafa óvissar tekjur í laun, smbr. 3. gr. í lögum 19. janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ymsum embættismönnum á Íslandi.